



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf: krokur@skagafjordur.is • Kt: 550698-2349 • Vsknr: 60077

Alþingi
Erindi nr. P 132/1237
komudagur 9.3.2006

Skagafirði 8.mars 2006

Menntamálanefnd Alþingis

ALÞINGI

150 Reykjavík

Félags-og tómstundanevnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar sendir háttvirtri Menntamálanefnd hjálagða umsögn um frumvarp til æskulýðslaga, 434.mál lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006.

F.h. Félags-og tómstundanevndar

Maria Björk Ingvadóttir

María Björk Ingvadóttir,
Æskulýðs-og tómstundafulltrúi



Skagafjörður

Æskulýðs-
og tómstundafulltrúi

Umsögn
um frumvarp til æskulýðslaga, 434. mál,
lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006

Félags- og tómstundanefnd sveitarfélagsins Skagafjarðar fékk ofangreint frumvarp til umsagnar og sendir því frá sér eftirfarandi athugasemdir:

Nefndin fagnar endurskoðun á umgjörð um æskulýðsstarf í landinu og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu, að virk þátttaka ungmenna í æskulýðs- og tómstundastarfi hafi mikið forvarnagildi og sé vænleg leið til persónulegs þroska ungs fólks.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

5. grein.

Fagnað er fjölgun fulltrúa í æskulýðsráði þar sem færa má rök fyrir því að með aðkomu fleiri fulltrúa muni ráðið vera betur í stakk búið til að sinna endurskilgreindu hlutverki sínu, ekki síst á sviði ráðgjafar og stefnumörkunar. Hafa ber í huga að sjónarmið þeirra sem starfa að æskulýðsmálum á landsbyggðinni eigi fulltrúa í æskulýðsráði.

6. grein.

Til viðbótar við þessa grein væri rétt að bæta því við að æskulýðsráð gætti þess í störfum sínum að ákvarðanir þess og tillögur hefðu ekki kostnaðarauka í för með sér fyrir sveitarfélög nema að fengnu samþykki þeirra.

11. grein.

Rétt er að hvetja enn frekar til þess í þessari grein að sveitarfélög starfræki ungmennaráð og að við val í ungmennaráð sé þess gætt að ungmenni, að 25 ára aldri, eigi þar sína fulltrúa.

Aðrar athugasemdir

Rétt væri að hvetja til þess í frumvarpi þessu að gætt væri jafnræðis þeirra sem þátt taka í æskulýðsstarfi þannig að möguleikar hvers og eins til þátttöku takmarkist ekki af kynferði, uppruna eða líkamlegri getu svo dæmi séu tekin. Lögð verði áhersla á að ná til sem flestra. Umfjöllun um mismunun kynja í íþróttastarfi, stöðu barna innflytjenda og möguleika fatlaðra einstaklinga á þátttöku í æskulýðsstarfi sýna að betur má gera í þeim efnum.

Að lokum er óskað eftir því að lagt verði mat á hvort og hversu mikill kostnaðarauki verður vegna endurskoðaðra æskulýðslaga, fyrir sveitarfélögin í landinu.

Sauðárkróki 6. mars 2006

F.h. Félags- og tómstundanefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar

